

## Þjóðlendumál eyjar og sker

Til : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>  
Frá : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>  
Heiti : Þjóðlendumál eyjar og sker  
Málsnúmer : 2402030  
Málsaðili : Fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Skráð dags : 12.02.2024 00:00:00  
Höfundur : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>

Viðhengi Þjóðlendumál - eyjar og sker - tilkynning frá óbyggðanefnd.docx  
Þjóðlendumál - eyjar og sker - tilkynning frá óbyggðanefnd.docx

[Eftirfarandi póstur er í upplýsingarskygni sendur sveitarfélögum sem liggja að sjó:](#)

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendir á svæði 12 sem nefnist „eyjar og sker“ og tekur til landsvæða innan landhelginnar en utan meginlandsins. Um er að ræða sautjándaga og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Hér á eftir fara upplýsingar um kröfugerð íslenska ríkisins og málsmeðferð.

Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Kröfum skal lýst skriflega í síðasta lagi 15. maí 2024. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur.

### Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendir á svæði 12

Í kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins er svæði 12 skipt í átta hluta. Í meginatriðum er beitt útilokunaræferð, þ.e. lýst kröfum sem taka til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru, að undanskildum tilteknum eyjum eða hlutum þeirra, sbr. eftirfarandi yfirlit. Þá eru gerðar þjóðlendukröfur til afmarkaðra hluta tveggja eyja. Kröfulýsingarnar í heild eru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar: [https://obyggdaneftnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdaneftnd.is/til_medferdar/)

#### Eyjar sem eru undanskildar þjóðlendukröfum:

- A) Suðurland: Hluti Heimaeyjar — en gerð er krafa til hluta eyjarinnar, sjá [kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta A af svæði 12 \(Suðurland\)](#).
- B) Austurland: Papey.
- C) Norðurland eystra: Flatey á Skjálfanda, Hrísey og hluti Grímseyjar — en gerð er krafa til hluta Grímseyjar, [sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta C af svæði 12 \(Norðurland eystra\)](#).
- D) Norðurland vestra: Málmey.
- E) Vestfirðir utan Barðastrandarsýslna: Æðey og Vigur.
- F) Breiðafjörður: Meginland/heimaeyjur eftirfarandi eyja (nákvæmari upplýsingar um eyjarnar eru í [kröfulýsingu fyrir hluta F af svæði 12](#)): 1) Flatey. 2) Svefney. 3) Hvallátur. 4) Skáley. 5) Sviðnur. 6) Bjarneyjar. 7) Sauðeyjar. 8) Hergilsey. 9) Skáley. 10) Purkey. 11) Hrappsey. 12) Arney. 13) Rauðseyjar. 14) Rúfseyjar. 15) Akureyjar. 16) Höskuldsey. 17) Saurlátur. 18) Þormóðsey. 19) Elliðaey. 20) Fagurey. 21) Bíldsey. 22) Gvendarey. 23) Ólafsey. 24) Rifgirðingar. 25) Brokey. 26) Öxney.
- G) Vesturland utan Breiðafjarðar: Hjörsey.
- H) Suðvesturland: Engey og Viðey.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra taka til allra annarra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru.

## Um málsmeðferð óbyggðanefndar

Meginhlutverk óbyggðanefndar er að rannsaka hvaða svæði eru utan eignarlanda en slík svæði eru að undangenginni rannsókn úrskurðuð [þjóðlendur](#). Einnig úrskurðar nefndin um óbein eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur skipt landinu í [sautján svæði](#) og tekið eitt til meðferðar hverju sinni. Þar af eru sextán svæði á meginlandinu en það sautjanda tekur, sem fyrr segir, til eyja og skerja utan meginlandsins. Málsmeðferð á hverju svæði hefst á því að óbyggðanefnd tilkynnir fjármála- og efnahagsráðherra að nefndin hafi ákveðið að taka svæðið til meðferðar og veitir honum frest til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur þar. Þegar kröfur ríkisins liggja fyrir kynnir óbyggðanefnd þær og skorar á þá sem telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum innan tiltekins frests. Að liðnum þeim fresti eru heildarkröfur kynntar.

Óbyggðanefnd rannsakar síðan málin, sem felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunnir að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu er viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Þegar framkomin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar [úrskurðar](#) óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendukröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlanda eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð eru á vefsíðu óbyggðanefndar:

- Almennar upplýsingar um málsmeðferð: <https://obyggdaneftnd.is/malsmedferd/>
- Upplýsingar um svæði sem eru til meðferðar hverju sinni og ýmislegt sem varðar málsmeðferð þar: [https://obyggdaneftnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdaneftnd.is/til_medferdar/)

## Staða þjóðlendumála

Eyjar og sker eru sautjanda og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Einnig stendur yfir málsmeðferð á Austfjörðum.

Úrskurðað hefur verið í málum á fyrri svæðunum fimmtán, sbr. [yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála](#), en afmarkaðir hlutar þeirra eru þó til meðferðar nú á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Áformað er að úrskurðir í þeim málum og í málum á Austfjörðum verði kveðnir upp vorið eða sumarið 2024. Þá er áætlað að árið 2025 verði úrskurðað í málum sem varða eyjar og sker.

## Frekari upplýsingar

[Frekari upplýsingar veita Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, og Erna Erlingsdóttir skrifstofustjóri:](#)

- [postur@obyggdaneftnd.is](mailto:postur@obyggdaneftnd.is)
- sími: 563 7000

Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri

Óbyggðanefnd

Borgartúni 29

105 Reykjavík

Sími: 563 7000

[obyggdaneftnd.is](#) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)